

Aðalfundargerð Félags fornleifafraeðinga 2015

Fundurinn fór fram fimmtudaginn 5. nóvember 2015 kl. 20:00 í sal ReykjavíkurAkademíunnar í Þórunnartúni 2, 4. hæð.

Mætingarlisti var látinn ganga. 19 aðalfélagar með kosningarétt mættu á fundinn og þrjú aukafélagar sem ekki höfðu kosningarétt.

Fundargerð:

Formaður bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á Guðmundi Ólafssyni sem fundarstjóra fyrir hönd stjórnar.

1. *Kosning fundarstjóra*

Guðmundur Ólafsson kosinn fundarstjóri með lófataki. Hann stakk upp á Albínu Huldu Pálsdóttur sem fundarritara. Það var einnig samþykkt með lófataki.

2. *Nýir félagar samþykktir*

Aðalfélagar:

Ármann Dan Árnason
Hrafnhildur Halldórsdóttir
Jónas Haukdal Jónasson
Magdalena M. E. Schmid
Ingibjörg Vigdís Ottósdóttir

Aukafélagar:

Ann Bailey
Antonio Redon
Florencia Bugallo Dukelsky
Hólmfríður Sveinsdóttir
Margrét Jóhannsdóttir
Sigurður S. Stefánsson
Svavar Níelsson

3. *Skýrsla liðins árs*

Ármann Guðmundsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrsluna má sjá í sér skjali.

4. *Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins*

Hrönn Konráðsdóttir gjaldkeri félagsins kynnti endurskoðaða reikninga félagsins. Reikningana má sjá í glærum frá fundinum. Félagið stendur afar vel þrátt fyrir að hafa staðið fyrir ýmsum viðburðum á árinu og fráfarandi stjórn skilar góðu búi.

Útgáfa Ólafíu V kom nokkurn veginn út á sléttu en prentkostnaður var nokkuð hár vegna mistaka sem urðu við prentun.

5. *Kosning formanns*

Skorað var á Sólrúnu Ingu Traustadóttur að bjóða sig fram til formanns og hún tók þeirri áskorun. Enginn annar bauð sig fram svo hún var kosin með lófataki.

6. *Kosning stjórnar*

Ásta Hermannsdóttir bauð sig fram til varaformanns eftir áskoranir og var kosin með lófataki. Hrönn Konráðsdóttir bauð sig fram til að sitja áfram sem gjaldkeri og var samþykkt með lófataki.

Lilja Laufey Davíðsdóttir bauð sig fram til ritara og var samþykkt með lófataki.

Ármann Dan Árnason, Gylfi Björn Helgason og Jakob Orri Jónsson buðu sig fram til meðstjórnanda. Skrifleg atkvæðagreiðsla fór fram en 19 aðalfélagar með atkvæðisrétt voru á fundinum. Jakob fékk 3 atkvæði, Gylfi 5 atkvæði og Ármann Dan fékk 11 atkvæði. Ármann Dan var því réttkjörinn meðstjórnandi.

Tvö embætti varamanna voru laus. Birna Lárusdóttir bauð sig fram til setu sem varamaður ásamt Jakobi Orra Jónssyni og Gylfa Birni Helgasyni. Það voru 19 atkvæðisbærir félagar á fundinum svo heildarfjöldi atkvæða var 38 í þessari kosningu. Birna fékk 18, Gylfi fékk 11 og Jakob fékk 9. Birna og Gylfi eru því réttkjörnir varamenn í stjórn.

7. Kosnir endurskoðendur

Sigurjóna Guðnadóttir bauð sig fram til að sitja áfram sem endurskoðandi og Albína Hulda Pálsdóttir bauð sig fram sem endurskoðanda. Samþykktar með lófataki.

8. Kosning í siðanefnd

Birna Lárusdóttir og Jakob Orri Jónsson buðu sig fram til setu í siðanefnd og voru samþykktar með lófataki. Albína Hulda Pálsdóttir og Oddgeir Isaksen buðu sig fram sem varamenn í siðanefnd og voru samþykktar með lófataki.

9. Ritstjóri og ritnefnd Ólafíu kosin

Líklegt að hefti Howells sem rætt var um á aukaaðalfundi í mars sé dottið upp fyrir. Bjarni F. Einarsson leggur til þemað hin húsin, ekki bæjarhús heldur aðrar byggingar. Guðmundur nefnir að það er búið að halda 35 fyrirlestra á vegum félagsins og hægt væri að nota þá eða efni málþings KE sem þema í hefti. Birna kemur með hugmynd að gefa út katalóga því það vantar útgáfuvettvang fyrir þá. Umræður um útgáfuform hvort rétt sé að gefa þetta áfram út á pappír. Stór áfangi að þetta skuli vera komið á tímarit.is. Nýkjörinn formaður leggur til að það verði sendur út tölvupóstur til félagsmanna og óskað eftir tillögum um efni og ritstjóra. Velt upp hugmyndinni að ritstjóri fái einhver laun fyrir sína vinnu. Ákveðið að fresta kosningu ritstjóra og ritnefndar til aukaaðalfundar. Fundurinn leggur einnig til að boðað verði til almenns félagsfundar um framtíð og stefnu Ólafíu.

10. Kosning í önnur embætti og nefndir eftir því sem við á

Ekki þarf að kjósa um nein önnur embætti á þessum fundi.

11. Ákvörðun félagsgjalda

Stjórnin leggur til að halda félagsgjöldum óbreyttum, 3000 kr fyrir aðalféлага og 1500 kr fyrir aukaféлага. Það var samþykkt af öllum fundarmönnum.

12. Tillögur að lagabreytingum

Frá fráfarandi stjórn Félags fornleifafræðinga: Viðbót við 7. gr: Um breytingar á siðareglum félagsins gilda sömu ákvæði og um breytingar á lögum félagsins í 11. gr.

Birna lagði til smá orðalagsbreytingu: Um breytingar á siðareglum félagsins gilda sömu ákvæði og um breytingar á lögum þess í 11. gr.

Þessi breyting var samþykkt samhljóða af öllum atkvæðisbærum mönnum.

13. Önnur mál

- a. Umræða um löggildingu starfsheitisins fornleifafræðingur: Ármann Guðmundsson fráfarandi formaður kynnti það sem fram kom á fundi stjórnar með forsætisráðuneyti í október, nefndar hugmyndir um starfsleyfi, hafa ákvæði í lögum um menningarminjar sem skilgreinir hvað er fornleifafræðingur. Forsætisráðuneytið virtist vera opið fyrir ýmsum leiðum en lofuðu engu. Ármann greinir málið þannig að félagið þurfi að vinna þetta mál frekar og sjá hvaða leiðir henta best. Rætt um að félagið reyni að vera sem mest í mögulegri nýrri lagasetningu um menningarminjar.

Árman er tilbúinn að starfa í hóp á vegum félagsins til að vinna í þessu máli. Ákveðið var að skipa tímabundin starfshóp um löggildingarmál og í honum sitja Árman Guðmundsson, Oddgeir Isaksen og Árman Dan Árnason.

- b. Bjarni F. Einarsson spyr hvort einhver hafi verið rekinn úr félaginu síðan það var stofnað. Albína fráfarandi ritari svarar að í byrjun febrúar 2015 voru nokkrir félagar afskráðir samkvæmt ákvörðun sem tekin var á stjórnarfundi. Viðkomandi aðilar höfðu ekki svarað ítrekuðum tölvupóstum frá félaginu og ekki greitt félagsgjöld ársins 2014. Bjarni er ósáttur við þetta. Miklar umræður um málið. Fundur leggur til að næsta stjórn takið þetta mál fyrir og skoðaða verði hvernig best sé að halda utan um félagatal og hvort/hvenær rétt sé að afskrá fólk úr félaginu.

Fundargerð ritaði Albína Hulda Pálsdóttir

Fundi slitið kl. 21.54